



# Náms- og kynningarefni Brunamálaskólans Elísabet Pálmadóttir



# Kennslugögn - Námsefni

- Þekking
- Gæði
- Kennslubók
- Kennsluefni

Brunamálaskólinn



**Brunamálaskólinn**  
**Námsgögn**

## Öryggi slökkviliðsmanna

- Komið í veg fyrir óþarfa þjáningar eða streitu
- Lögfræðikostnaður
- Kostnaður vegna slysa á mönnum og tjóns á tækjum
- Slökkviliðsmenn eiga ekki að taka óþarfa áhættu





# Námsvísir

## Brunamálastólans

Brunamálastólinn

Atvinnuslökkviliðsmenn  
Hlutastarfandi slökkviliðsmenn  
Eldvarnareftirlit  
Stjórnendur hlutastarfandi slökkviliðs  
Stjórnendur atvinnuslökkviliðs  
Leiðbeinendur Brunamálastólans

# Bakgrunnur

## Námshreinar

### Reykköfun

Heildarmarkmið: Að slökkviliðsmaðurinn hafi öðlast færni í að starfa sem reykkafari, jafnt sem reykkafari 1 og 2. Að hann hafi þekkingu á störfum sem stjórnandi reykkafara. Hafi þekkingu á hættunum samfara reykköfun og hvaða áhrif þær geta haft á líkamann. Kunni vinnureglur við reykköfun og að nota búnað og umgangast með virðingu.

Kennsluefni: Kafli 1 Reykköfun  
Ítarefni frá kennara

### *Vinna við reykköfun, áhrif á mannslíkamann*

Að slökkviliðsmaðurinn viti hvernig mannslíkaminn er uppbyggður og hvaða áhrif reykur og síðan reykköfun hefur á líkamann. Jafnframt að hann þekki hættueinkenni sem koma fram þegar menn eru í reykköfun.

- þekkja uppbyggingu öndunarfæra, hvernig súrefnisþörf eykst við álag og hvernig best er að haga öndun í reykköfun.
- þekkja helstu áhrif hita og reyks á líkamann.
- þekkja til einkenna þess þegar reykkafari er að nálgast örmögnun.

### *Reykköfunartæki og annar búnaður við reykköfun*

Þekki til þess búnaðar sem notaður er við reykköfun, kunni að nota hann og umgangast. Áhersla lögð á að menn umgangist búnaðinn af virðingu.

Eftir námskeiðið eiga þátttakendur að:

- þekkja reglur um persónulegan hlífðarbúnað, hvernig honum er haldið við og hversu áriðandi það er að vera rétt búin við reykköfun.
- vita hvernig stærð hylkja, þrýstings, loftnotkun og tími tengjast og hvernig hægt er að reikna út áætlaðan tíma reykkafara við vinnu.

# „Slökkvistarf“ námsefni fyrir slökkviliðsmenn

- „Slökkviliðsmönnum ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið, m.a. með námskeiðum og verklegri þjálfun þar sem henni verður við komið“.

# Efnisyfirlit bókarinnar

nr.	Heiti
1	Starfsmaðurinn
2	Eðli elds
3	Þróun innanhúsbruna
4	Slökkviefni
5	Vatnsöflun
6	Verkfæri
7	Reykköfun
8	Reyklosun
9	Björgunarstörf
10	Hættuleg efni
11	Sérstakar aðstæður
12	Ýmis björgunarstörf
13	Ýmislegt
14	Slökkvitækni
15	Uppbygging og skipulag

# Brunamálskólinn – þjónustuaðili við slökkviliðin

- Brunamálskólinn skal veita slökkviliðsmönnum að lágmarki þá menntun og starfsþjálfum sem krafa er gerð um í reglugerð 792/2001 og lýtur m.a. að skyldubundnu námi þeirra og endurmenntun

# Kynningarefni

- Brunavarnir í heilbrigðisstofnunum
- Brunavarnir í hótelum
- Viðbrögð við eldsvoða
- Sinueldar

# Viðbrögð við eldsvoða

Barátta við eldsvoða er kapphlaup við tímann!



Mest áriðandi er:



- Björgun
- Hringja á hjálp í síma 112
- Slökkva

# Minnispunktur við glærur



## Slökkvitæki

- Mundu eftir réttu aðferðinni
  - Dragðu í öryggið
  - Miðaðu lágt
  - Sprautaðu frá jaðri eldsins til hins jaðarsins í jafnri hliðarhreyfingu



Brunamálastofnun

Dragðu í öryggið: Þetta opnar fyrir afhleðslu slökkvitækisins.

Miðaðu lágt: Beinið slökkviefninu undan vindi og að rótum eldsins.

Þrýstið á handfangið: Þetta hleypir slökkviefninu úr tækinu. Um leið og efri hluta handfangsins er sleppt stöðvast útstreymi efnisins.

Sveiflið frá jaðri til jaðars: Hefjið slökkvistarf við jaðar eldsins, og rekið logana á undan ykkur með jafnri hliðarhreyfingu. Beinið slökkviefninu undan vindi að rótum eldsins. Notið aðeins það magn sem þarf til að slökkva. Geymið afganginn ef eldur skyldi blossa upp að nýju. Látið slökkvilið ávallt yfirfara eldstaðinn, jafnvel þó þú teljir þig hafa slökkt eldinn.


**Fæstir gera sér grein fyrir hversu hratt handslökkvitæki tæmist, mörg þeirra tæmast á 15-30 sekúndum.**

Munið að láta fylla á tækin strax eftir notkun.

# Sinueldar

## Reykurinn er eittraður

- Hvað sem þú gerir:  
berðu virðingu fyrir  
reyknum.
  - Ekki fara langar leiðir  
og eyða löngum tíma  
inni í reykjarkófi.
- Það er reykurinn sem  
drepur !



# Minnispunktur við glærur



Hvaða hættur eru af sinueldi ?

- Fyrir þig:
  - Reykeitrún
  - Brunasár
  - Lokast inni í eldinum



Reykurinn er hættulegur, í honum er fjöldi eiturefna sem maður andar að sér. Sömu eiturefni myndast þegar sína brennur eins og myndast við sorpbrennslu. Eiturefni og heitur reykurinn skemma öndunarfærin t.d. eru í reyknunum krabbameinsvaldandi efni. Áhrifin af slíkum eiturefnum geta komið fram löngu seinna.

Reykurinn frá sinueldinum er líka mjög heitur, það er auðvelt að brenna sig og hættan á að lokast inni í eldhafinu er mikil, vegna þess að vindurinn getur borið glóandi agnir með sér og dreyft þeim um stórt svæði á stuttum tíma.

# Brunavarnir á hótélum

## Verklag við eldsvoða

- Mikilvæg atriði sem þurfa að vera í verklagsreglu hótelsins við eldsvoða:
  - Hvernig á að gera viðvart ?
  - Hvernig á að rýma bygginguna ?
  - Hvar á að safnast saman utan við bygginguna ?
  - Hvernig á að telja gesti ?
  - Hvar er slökkvibúnaður geymdur ?
  - Hvaða gerðir af slökkvibúnaði er

## Orsakir eldsvoða Rafmagn

- Láttu vita þegar eitthvað bilar
- Lokaðu hurðum að rafmagnstöflum
- Láttu vita um tengla og öryggi sem hitna



# Brunavarnir á heilbrigðisstofnunum

## Forsendur þess að brunahólfunin virki

- Forsenda þess að brunahólfun virki er að hurðum sé lokað við eldsvoða, þess vegna er bannað að nota fleiga til að halda hurðum opnum !



## Rýming

- Uppgötví maður eld á deild heilbrigðisstofnunar skulu sjúklingar án tafar fluttir út af því herbergi þar sem eldurinn logar og í öruggt skjól af einhverju sem getur hindrað dreyfingu elds og reyks.



## Þróun bruna er mjög hröð

- Þú verður að bregðast við áður en slökkviliðið kemur á staðinn.
- Lærðu að rýma bygginguna og
- nota handslökkvitæki/brunaslöngu.



# Kynningarefni

- Þegar öryggi og brunavarnir eru annars vegar ert það þú sem ert mikilvægastur.
- Þú getur
  - Komið í veg fyrir eldsvoða
  - Látið vita þegar eitthvað fer úrskeiðis
  - Bjargað fólki
  - Slökkt eld á byrjunarstigi
- Taktu ábyrgð á eigin umhverfi !